

AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 141. löggjafarþings, frá 22. mars 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

Gjört á Bessastöðum, 21. mars 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 28. mars 2013 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 141. löggjafarþings, frestað hinn 28. mars 2013.

Forsætisráðuneytinu, 2. apríl 2013.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.

A-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2013